



Alþingi
B.t. efnahags- og viðskiptanefndar
nefnasvið@althingi.is

Reykjavík, 19. febrúar 2024

Umsögn um frumvarp til laga um kaup á íbúðarhúsnæði í Grindavík, 704. mál

SFF hafa tekið til skoðunar framangreint frumvarp þar sem lagt til að einstaklingum standi til boða að selja eignaumsýslufélagi í eigu ríkisins íbúðarhúsnæði sitt í Grindavík. Í aðdraganda málsins höfðu stjórnvöld frumkvæði að viðræðum við SFF ásamt aðildarfélögum (viðskiptabönkunum þremur), sem eru lánveitendur íbúðalána í Grindavík, um það hvernig lánveitendur geti átt aðkomu að fjármögnun verkefnisins m.a. með þátttöku í sambankaláni til fjármögnunar á eignaumsýslufélagi og um tilhögun á uppgjöri veðskulda sem hvíla á þeim fasteignum sem um er að ræða.

SFF gera ekki efnislegar athugasemdir við frumvarpið en leggja ríka áherslu á að allir lánveitendur íbúðalána vegna húsnæðis í eigu einstaklinga sitji við sama borð og jafnræðis gætt þegar kemur að samningum við stjórnvöld vegna málsins.

Virðingarfyllt,

F.h. Samtaka fjármálafyrirtækja,

Heiðrún Jónsdóttir, framkvæmdastjóri

Jóna Björk Guðnadóttir, yfirlögfræðingur